

## AUGLÝSING um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins Gullfoss.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlindaráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Gullfoss. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

### 1. gr.

Næturdvöl er bönnuð innan friðlandsins, á það við um húsbíla, ferðavagna og tjöld, sbr. kafla 3.4.

### 2. gr.

Rekstri hesta skal beint um leiðir utan friðlandsins en ríðandi mönnum er heimil för um skilgreindar reiðleiðir innan þess, sbr. kafla 3.5.2.

### 3. gr.

Þyrlum og öðrum mönnuðum loftförum skal aldrei lenda innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Notkun ómannaðra loftfara er bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgsgæslunnar, sbr. kafla 3.10.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 20. nóvember 2017.*

**Björt Ólafsdóttir.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2017